

Orðsending til kvenna

Félag kvenna í læknastrétt á Íslandi

kynnir starfsemi félagsins á komandi ári:

- 1. Októberfundur.** Fyrirhugað er að halda sameiginlegan félagsfund Félags kvenna í læknastrétt á Íslandi, Félags kvenna í lögmennsku og Kvinnanefndar verkfræðingafélagsins fimmtudaginn 14. okt. nk. í húsnæði Logos lögmennsstofu að Efstaleiti 5 kl. 17.30.
Verið er að leita að áhugaverðum fyrirlesara og léttar veitingar verða á eftir, svo að konur fái tækifæri til að kynnast og spjalla.
Frekari upplýsingar um þennan fund verða sendar út á netinu frá skrifstofu læknafélaganna.
- 2. Nóvemberfundur.** Aðalfundur verður haldinn miðvikudaginn 17. nóv. kl.19.00. Aðalfundarstörf, hátíðarkvöldverður og góður gestur. Nýútskrifuðum læknum er sérstaklega boðið á þennan fund.
- 3. Jólafundur** verður haldinn 12. jan. 2005. Dagskrá birt síðar.
- 4. Vorfundur** sem ekki hefur verið tímasettur.
- 5. N-Evrópuþing Medical Women's International Association, MWIA,** verður haldið á Íslandi dagana 28. sept.-1. okt. 2005. Félagið er að vinna að undirbúningi ráðstefnunnar og tengiráðstefna sem verða daginn fyrir og eftir. Búið er við góðri þátttöku kvenna frá N-Evrópu og fleiri löndum sem gjarnan sækja þessa ráðstefnu. Æskilegt er að fá góða þátttöku íslenskra kvenna.

Allar konur í læknastrétt á Íslandi eru velkomnar á fundi okkar, ungar sem gamlar. Fundirnir gefa ágætt tækifæri til að kynnast og mynda tengslanet.

Ef þið eruð ekki félagar og viljið ganga í félagið getið þið sent gjaldkera félagsins, Önnu Geirsdóttur, heimilislækni, Heilsugæslustöðinni í Grafarvogi, félagsgjald, sem er kr. 4000, eða greitt inn á reikning okkar **nr. 137-26-3660, kt. 700300-3660**. Nafn og kennitala greiðanda þarf að koma fram á greiðsluseðli. Eldri félagar eru beðnar um að greiða árgjöld sín sem fyrst.

Konur sem eru 67 ára og eldri greiða ekki félagsgjöld.

Í von um að fá að sjá sem flestar ykkar á fundum í vetur,

Margrét Georgsdóttir
formaður

Vísindaping Geðlæknafélags Íslands

Hátíðarsal Menntaskólans á Akureyri 25.-27. febrúar 2005

Ágrip erinda og veggspjalda skal senda til Magnúsar Haraldssonar geðlæknis á geðdeild Landspítalans hmagnus@landspitali.is fyrir 15. janúar 2005.

Skráning þátttöku hjá ritara þingsins Sigurlaugu J. Sigurðardóttur lauga@landspitali.is

Skráningargjald kr. 5000 greiðist við skráningu á reikning 0111-26-000351.

Dagskrá þingsins auglýst nánar síðar en hún mun miðast við að þátttakendum gefist ráðrúm til skíðaiðkunar.

Stjórn Geðlæknafélags Íslands